

Viðauki með þjónustusamningi mennta- og  
menningarmálaráðuneytis og Háskólans í Reykjavík (HR)

29.12.2011



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Lagaheimildir og forsendur.....	3
1.2	Samskiptahættir.....	3
1.3	Stefna Háskólans í Reykjavík.....	3
2	Hlutverk og starfsemi Háskólans í Reykjavík.....	4
2.1	Nám og kennsla.....	4
2.2	Deildir og námsbrautir.....	4
2.3	Mannauður.....	6
2.4	Rannsóknir.....	7
2.5	Nemendur.....	8
3	Áherslur í daglegu starfi.....	11
3.1	Samvinna og samkeppni.....	11
3.2	Tengsl við atvinnulíf og samfélag.....	11
3.3	Alþjóðlegt starf.....	11
3.4	Þverfaglegt starf.....	12
3.5	Nýsköpun og tækniþróun.....	13
4	Innra starf og gæðastýring.....	13
4.1	Gæðastarf.....	13
4.2	Þjónusta og aðbúnaður.....	13
4.3	Siðferði, sjálfbærni og ábyrgð.....	14
5	Stjórnun, skipulag og fjármál.....	15
5.1	Stjórnun og skipulag.....	15
5.2	Fjármál.....	15
6	Megináherslur og markmið til 2015.....	16
7	Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og hæfniviðmið.....	17
7.1	Samstarf.....	17
7.2	Upplýsingagjöf og lykiltölur.....	17
7.3	Kröfur um hæfni.....	18
8	Viðaukar.....	19
8.1	Námsbrautir og prófgráður við HR.....	19
8.2	Samstarfsskólar.....	20
8.3	Styrkur skólans í rannsóknum.....	20
8.4	Styrkur skólans í kennslu.....	20
8.5	Lykiltölur.....	20

# Viðauki með þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskólans í Reykjavík (HR)

Viðauki þessi við þjónustusamning Háskólans í Reykjavík við mennta- og menningarmálaráðuneytið lýsir helstu þáttum í starfsemi Háskólans í Reykjavík og þeim áherslum sem skólinn sjálfur vill leggja fram.

Ráðuneytið og Háskólinn í Reykjavík munu, á árinu 2012, vinna að sameiginlegum viðfangsefnum og skilgreina helstu markmið skólans og tengsl markmiðasetningar við lykiltölur (kaflar 7.2 og 8.5) og frágangi skilgreininga á hæfnikröfum (kaflar 7.3 og 8.6).

Þegar því verki er lokið verður viðaukinn endurskoðaður og uppfærður.

## 1 Inngangur

### 1.1 Lagaheimildir og forsendur

Samkomulag þetta er hluti af gr. 1.6 í þjónustusamningi milli aðila sem dagsettur er 29.12.2011. Tilgangur þess er að kveða nánar á um áherslur og sameiginleg markmið en gert er í þjónustusamningnum sbr. c-lið 2. mgr. laga um háskóla nr. 63/2006.

Auk þess kveður samkomulagið nánar á um samskipti og upplýsingamiðlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins (ráðuneytis) og Háskólans í Reykjavík (HR) en gert er í 5. og 7. grein þjónustusamningsins. Miðað er við að fulltrúar ráðuneytis og HR yfirfari samkomulagið á sameiginlegum fundum um þjónustusamninginn og endurskoði einstök atriði til samræmis við þróun mála og sameiginlega niðurstöðu um breyttar áherslur og markmið. Samkomulagið verður því þróað og endurskoðað á samningstímabilinu. Hluti af eftirfylgni samkomulagsins mun felast í þróun aðferða við að meta árangur skólans við alþjóðleg viðmið í háskólastarfsemi. HR velur sér háskóla sem hann helst vill bera sig saman við.

Samkomulagið hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

### 1.2 Samskiptahættir

Þær meginreglur munu gilda áfram í samskiptum ráðuneytis og HR að unnið sé í góðri trú og að traust ríki. Umfjöllun sé málefna og vinnulag einkennist af gegnsæi og skjótum viðbrögðum. Lögbundið sjálfstæði háskólans og hlutverk ráðuneytisins sé virt. Samvinna sé eftir föngum um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt í hvívetna.

Ráðuneytið boðar til funda um þjónustusamninginn. Dagskrá funda skal liggja fyrir með fyrirvara, en á þeim skal meðal annars taka fyrir framkvæmd samnings og þessa samkomulags, forsendur og framvindu með tilliti til markmiða, áætlaða um framkvæmd innra og ytra gæðamats ásamt eftirfylgni auk upplýsinga sem taka skal saman samkvæmt samningnum.

### 1.3 Stefna Háskólans í Reykjavík

Í þessum kafla samkomulagsins er lýst markvissri stefnumótun um framþróun í starfsemi HR þannig að hann þjóni sem best hlutverki sínu fyrir atvinnulíf og samfélag, í samræmi við stefnu skólans.

**Hlutverk** HR er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi.

**Stefna** HR er að vera öflugur kennslu- og rannsóknarháskóli með áherslu á tækni, viðskipti og lög.

**Kjarnastarfsemi** HR er kennsla og rannsóknir í sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag, þar sem áhersla er lögð á þverfaglega, alþjóðleg viðmið, nýsköpun og faglega þjónustu. Starfsemin mótast af persónulegum tengslum og virðingu fyrir samfélagi og umhverfi.

Þetta samkomulag skiptist upp í sex meginþætti hvað varðar málefni HR:

- Hlutverk og starfsemi
- Áherslur í daglegu starfi
- Innra starf og gæðastýring

- Stjórnun, skipulag og fjármál
- Markmið til næstu ára
- Upplýsingagjöf og samvinna

## 2 Hlutverk og starfsemi Háskólans í Reykjavík

Hlutverk HR er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag. Stefna HR er að vera kennslu- og rannsóknarháskóli með áherslu á tækni, viðskipti og lög. Kjarnastarfsemin er kennsla og rannsóknir sem mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. HR leggur áherslu á þverfaglega, alþjóðleg tengsl og viðmið, nýsköpun og góða þjónustu. HR fylgir þeim lögum og reglum, gæðakerfum og skipulagi sem krafist er til reksturs háskóla.

Í greinunum hér á eftir er stutt lýsing á skipulagi, starfsemi og almennum áherslum skólans.

### 2.1 Nám og kennsla

HR býður nú upp á háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi í öllum deildum skólans sem uppfylla á alþjóðlegar kröfur til náms í viðkomandi greinum. Auk þess rekur HR Opna háskólann sem býður upp á frumgreinanám á framhaldsskólastigi, sem og endurmenntun og stjórnendamenntun á háskólastigi.

HR vill bjóða nemendum framúrskarandi menntun sem skilar viðtækri *þekkingu* á fagsviði, djúpum *skilningi* á einstökum þáttum, hugtökum og kenningum, *leikni* í að beita aðferðum fagsviðs og *hæfni* til að nýta þekkingu í námi og starfi. Sérstafa náms við HR felst í áherslu á fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir, raunhæf verkefni, virka þátttöku nemenda og tengsl námsins við atvinnulíf og samfélag. Náminu er ætlað að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun, sköpunarhæfni og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Til að tryggja gæði kennslu hefur verið gefin út gæðahandbók fyrir kennara þar sem fjallað er um undirbúning kennslu, kennsluna sjálfa, samskipti við nemendur, námsmat og kennslumat við HR. Kennslumat, þar sem nemendur meta námskeið, er lagt fyrir í öllum námskeiðum tvisvar á önn. Ennfremur gefst nemendum árlega tækifæri til að leggja heildarmat á gæði náms og kennslu. Árlega fer fram frammistöðumat þeirra starfsmanna sem sinna kennslu. Frammistöðumatið er leitt af forseta viðkomandi deildar fyrir fasta starfsmenn og forstöðumanni námsbrautar vegna stundarkennara. Þá hafa verið settar náms- og prófareglur, síðareglur og reglur um verkefnavinnu sem allar miða að því að setja skýra umgjörð um námið.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Kennarar njóta ráðgjafar kennslusviðs skólans um kennslutækni og fjölbreytt kennslufræðinámskeið standa kennurum til boða. Auk þess er gengið eftir því að kennarar taki þátt í sérstökum kennslufræðidögum á hverju hausti.

Húsnæði HR er hannað með það að leiðarljósi að veita góða umgjörð um og styðja kennslu í samræmi við kennslustefnu HR, þar sem áhersla er lögð á kennslu í litlum hópum, sjálfstæða vinnu nemenda og verklega kennslu. Góð aðstaða er í húsnæði HR til verklegar kennslu í sérhæfðum kennslurýmum og rannsóknarstofum.

Stöðugt er unnið að þróun námsbrauta, meðal annars með endurskoðun hæfniviðmiða námsbrauta og einstakra námskeiða, auk þess sem efling meistaranáms og þverfaglegra áhersla er í forgrunni.

Við skólann starfar námsráð sem skipað er fulltrúum allra deilda og forstöðumanni kennslusviðs. Ráðið hefur m.a. það hlutverk að móta kennslustefnu og tryggja gæði kennslu. Í deildum skólans starfa námsráð og námsmatsnefndir sem móta stefnu deilda í samræmi við heildarstefnu skólans.

Kennsluferfi skólans, *MySchool*, sem allir kennarar og nemendur skólans hafa aðgang að, býður upp á fjölbreytta möguleika varðandi dreifingu efnis, fyrirlögn verkefna og samskipti nemenda og kennara.

### 2.2 Deildir og námsbrautir

HR hefur viðurkenningu, á grunni laga nr. 63/2006, á tveimur fræðasviðum: Verk- og tæknivísindum og félagsvísindum. Á þeim forsendum rekur HR fjórar akademískar deildir sem tengjast tækni, viðskiptum og lögum. Áhersla og þróun þessara deilda er eftirfarandi næstu árin:

**Tækni- og verkfræðideild (TVD):** Tækni- og verkfræðideild býður upp á námsbrautir í verkfræði, tækni-fræði, iðnfræði, byggingafræði og íþróttufræði. Tækninámsbrautirnar eru fjölbreyttar og ná yfir ýmis svið, þar á meðal byggingar, rafmagn, vélar, fjármál, rekstur, skipulag, hönnun, heilbrigði og lífupplýsingatækni. Ekki er áformað að fjölga námsbrautum, en deildin leggur áfram áherslu á að bjóða prófgráður á flestum stigum háskólanáms á tæknisviðum – allt frá diplómanámi í iðnfræði til doktorsgráða (PhD). Þessi breidd námsframboðs í verkfræði, tækni-fræði og skyldum greinum er lyklatríði til að viðhalda styrk deildarinnar og tengslum hennar við atvinnulífið til þess að geta mætt þörf samfélagsins fyrir vel menntaða einstaklinga á

þessum sviðum. Auk tæknigreina er kennd íþróttافرæði til BSc og MSc prófgráða, en þegar deildum við HR var fækkað árið 2010 var ákveðið að íþróttافرæðin myndi tilheyra TVD og tengjast heilbrigðisverkfræði.

Tækni- og verkfræðideild mun á næstu árum efla starfsemi sína og leitast við að vera leiðandi á sviði tækni- og verkfræðimenntunar á Íslandi. Deildin hefur nýverið fengið aðild að alþjóðlegum samtökum háskóla um gæði og kennsluhætti í tækninámi (*CDIO = conceive-design-implement-operate*). Markmið *CDIO* er að miðla sterkri og fræðilegri undirstöðu tæknináms í samhengi við verkfræðilega sköpun; frá hugmynd, hönnun og framkvæmd yfir í rekstur. Þetta gerir kröfur til aukinnar áherslu á verklega kennslu og mun eflaust skila hæfari sérfræðingum út í atvinnulífið. Með þessu vill HR laða breiðari hóp nemenda að tækninámi, efla og viðhalda áhuga þeirra og minnka brottfall án þess að slegið sé af kröfum.

Á næstu árum verður lögð áhersla á að efla meistaranám og doktorsnám og að auka rannsóknarvirkni. Til að styrkja stöðir framhaldsnáms verður megináhersla lögð á að efla meistaranámslínu í sjálfbærum orkuvísindum (*REYST Reykjavík Energy Graduate School of Sustainable Systems*). Efling REYST mun leggja grunninn að fjölgun erlendra nemenda við deildina.

Akademísk stöðugildi við tækni- og verkfræðideild (TVD) eru um 54 en til viðbótar bætast rúmlega 7 stöðugildi í stoðþjónustu innan deildarinnar. Stundakennarar eru um hundrað talsins. Nemendur deildarinnar eru rúmlega þúsund. Sjá nánar hér að neðan í yfirliti yfir mannaúð og nemendur.

**Tölvunarfræðideild (TD):** Tölvunarfræðideild býður upp á námsbrautir í tölvunarfræði, kerfisfræði og hugbúnaðarverkfræði, allt frá diplómanámi á grunnnámsstigi til doktorsnáms (PhD). Tölvunarfræðideild leggur áherslu á að vera í forystu menntunar á sviði tölvunarfræði hér á landi og leitast við að þjóna breiðum hópi nemenda sem hafa áhuga á fræðilegu námi annars vegar og hagnýtu námi hins vegar. Markmið deildarinnar er að efla meistaranám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði verulega, til dæmis með því að auka framboð námskeiða. Þá mun deildin gera útskrifuðum nemendum kleift, í samstarfi við Opna Háskólann, að sitja námskeið á meistarastigi.

Deildin leggur áherslu á að vera í forystuhlutverki í rannsóknum á sviði tölvunarfræði á Íslandi, meðal annars með fjölgun doktorsnema við deildina. Deildin vinnur náið með íslenskum iðnaði, til dæmis í gegnum samstarfssamning við íslenska leikjaiðnaðinn og lokaverkefni nemenda, og hyggst styrkja þau tengsl enn frekar. Þá mun deildin viðhalda og efla þau sterku alþjóðlegu tengsl sem hún hefur í gegnum rannsóknarsamstarf, starfsnám og sameiginlegar námsgráður með erlendum háskólum.

Akademísk stöðugildi við tölvunarfræðideild eru rúmlega tuttugu og aðrir starfsmenn eru 3. Við deildina eru yfir fimm hundruð nemendur. Sjá nánar hér að neðan í yfirliti yfir mannaúð og nemendur.

**Viðskiptadeild (VD):** Viðskiptadeild HR býður nú upp á nám í viðskiptum á öllum stigum frá grunnnámi til doktorsnáms (PhD). Að auki býður deildin upp á nám í sálfræði. Deildin vill veita alþjóðlega samkeppnishæfa menntun sem byggir á sterkum akademískum innviðum deildarinnar ásamt nánnum tengslum við stofnanir og atvinnulíf. Alþjóðleg nemendaskipti, samstarf við erlenda háskóla og námskeið á ensku eru viðbrögð HR við alþjóðavæðingu efnahagslífsins og undirbýr nemendur þannig fyrir störf í alþjóðlegu umhverfi.

VD hefur unnið að því að afla formlegrar alþjóðlegrar viðurkenningar á einstökum námsbrautum. Fyrsta áfanga í því ferli lauk í byrjun október þegar *Association of MBAs (AMBA)* veitti MBA námi VD viðurkenningu til næstu fimm ára án skilyrða. Þessi viðurkenning skipar MBA námi VD í hóp fremstu námsbrauta á þessu sviði í alþjóðlegum samhengi.

Hjá viðskiptadeild HR starfa 28 akademískir starfsmenn í 26 stöðugildum, auk 6 starfsmanna á skrifstofu deildarinnar. Deildin nýtur krafta um 50 stundakennara úr íslensku atvinnulífi og fær jafnframt liðsinni og sérþekkingu frá um 30 gestakennurum, sem flestir koma frá erlendum háskólum, og kenna í meistaranámi. Nemendur deildarinnar eru milli sjö og átta hundruð. Sjá nánar hér að neðan í yfirliti yfir mannaúð og nemendur.

**Lagadeild (LD):** Lagadeild HR býður nú upp á grunnnám, meistaranám og doktorsnám (PhD) í lögfræði. Lagadeild mun einbeita sér að eflingu núverandi námsbrauta með enn frekari áherslu á verkefnatengt nám, ekki aðeins með þeim hætti að úrlausn raunhæfra verkefna sé hluti af námsmati í öllum námskeiðum við deildina, heldur einnig þannig að nemendur fái þjálfun í að beita lögfræðilegri aðferðafræði í tengslum við kennslu í einstökum greinum án þess að það sé endilega hluti námsmats. Grunnhugsunin með þessari verkefnatengdu námsaðferð er að gera nemendur hæfari til að beita lögfræðilegri aðferðafræði á viðfangsefni þau sem þeir mæta í náminu og síðan í starfi að námi loknu. Lagadeild leggur áherslu á að fjölga föstum starfmönnum í því skyni að styrkja starf deildarinnar, ekki síst á sviði rannsókna. Lagadeild mun áfram vinna því fylgi að háskólar sem kenna lögfræði á Íslandi viðurkenni nám milli skóla og leiti leiða til að tryggja möguleika nemenda á að færa sig á milli skóla á meðan á námi stendur. Lagadeild styður samstarf milli háskóla sem kenna lögfræði á Íslandi, einkum á meistara- og doktorsstigi, með það að markmiði að auka gæði náms.

Akademísk stöðugildi við lagadeild eru rúmlega 13, aðrir starfsmenn deildarinnar eru 2. Stundakennarar eru um 55. Tæplega fjögur hundruð nemendur eru við deildina. Sjá nánar hér að neðan í yfirliti yfir mannaúð og nemendur.

**Opni háskólinn (OH):** HR rekur skólinn Opna háskólann (OH) sem býður upp á fagtengda símenntun, stjórnendajálfun og aðrar hagnýtar námsleiðir til lífstíðarlærdóms utan hefðbundinna námsbrauta HR í samstarfi við akademískar deildir HR og atvinnulífið. Að auki heldur Opni Háskólinn utan um frumgreinanám, en það er þó sjálfstæð eining og er lýst hér að neðan. Fastir starfsmenn OH, að undanskildu frumgreinanámi, eru 10 og eru helstu viðfangsefni þeirra að halda utan um skilgreiningu og framkvæmd þeirra námskeiða og námsbrauta sem í boði eru.

**Frumgreinanám:** HR (áður Tækniháskóli Íslands og þar áður Tækniskóli Íslands) hefur boðið upp á frumgreinanám síðan 1964. Hlutverk þessa náms er að bjóða einstaklingum sem reynslu hafa úr iðnaði og atvinnulífi, en vantar frekari menntun til að geta tekist á við krefjandi háskólanám. Þessi leið hefur lögum gegnt sérstöku hlutverki sem góð leið fyrir iðnmenntaða einstaklinga inn í háskólanám og er því mikilvægur hluti þess að styðja við og efla iðn- og tæknimenntun á Íslandi. Uppbygging og umgjörð námsins taka bæði tillit til þeirrar stöðu sem nemendur eru í þegar þeir hefja frumgreinanám og þeirra krafna sem gerðar eru í háskólanámi. Flestir nemendur í frumgreinanámi eru eldri en nemendur í framhaldsskólum og hafa reynslu úr atvinnulífi til að byggja á. Nemendur frumgreinanáms eru enn fremur á leið í háskóla og vilja tryggja sér að námið undirbúi þá vel fyrir háskólanám. HR vill vinna með mennta- og menningamálaráðuneytinu að endurskoðun á frumgreinanámi og væntanlegri reglugerð þar um.

Í dag er unnið að því að laga frumgreinanámið betur að þörfum þeirra sem hyggjast halda í háskólanám í lögum og viðskiptum. Það verður gert með því að bjóða upp á tvær línur - aðra með meiri áherslu á undirbúning fyrir tækninám og hina með meiri áherslu á undirbúning fyrir nám í viðskiptum og lögum. Stærstur hluti námsins verður þó sá sameiginlegi kjarni sem að mati skólans hefur gefið góða raun.

Fastir starfsmenn frumgreinanámsins eru 9 og sinna þeir stærstum hluta þeirrar kennslu sem boðið er upp á í frumgreinanámi HR. Nemendur í frumgreinanámi eru um 250 talsins og hefur farið fjölgandi undanfarin ár.

### 2.3 Mannauður

HR byggir starfsemi sína á hæfileikaríku starfsfólki sem endurspeglar fjölbreytt viðhorf. HR vill bjóða starfsfólki hvetjandi starfsumhverfi, áskorun í starfi, faglega endurgjöf og tækifæri til að eflast, þróast og hafa áhrif. HR býður sanngjörn og samkeppnishæf starfskjör, sveigjanleika og tækifæri til að sinna fjölskyldu, einkalífi og heilbrigðu lífern. HR leggur áherslu á jöfn tækifæri. Starfsfólk HR sýnir fagmennsku og ábyrgð í starfi og sinnir því af jákvæðni og heilum hug. HR framkvæmir árlega könnun meðal starfsfólks til að mæla árangur í ofangreindum þáttum auk fleiri þátta er varða árangur, aðbúnað og starfsánægi.

HR hefur skilgreint gæðakerfi vegna akademískra starfsmanna er nær yfir ferla sem varða öflun umsækjenda, val starfsmanna, starfsþróun og stöðuhækkun akademískra starfsmanna. Markmið gæðakerfisins er að sjá til þess að akademískir starfsmenn séu færir um að framfylgja stefnu háskólans varðandi akademískan styrk, nýsköpun í kennslu og rannsóknnum, sterk tengsl við samfélagið og uppbyggingu alþjóðlegs háskóla.

Akademísk stöðugildi á HR (október 2011)					
	Prófessorar/ Deildarforsetar	Dósentar	Lektorar	Aðrir akademískir starfsmenn*	Samtals
Viðskiptadeild	5,0	4,75	11,25	5,0	26,0
Lagadeild	4,25	3,0	1,0	5,05	13,3
Tölvunarfræðideild	3,0	7,0	3,0	7,5	20,5
Tækni- og verkfr.deild	5,5	16,8	16,85	14,95	54,1
<b>Samtals</b>	<b>17,75</b>	<b>31,55</b>	<b>32,1</b>	<b>32,5</b>	<b>113,9</b>

\* Aðrir akademískir starfsmenn: Aðjúntar, nýðoktorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar við kennslu og/eða rannsóknir. Stundakennarar ekki taldir með.

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi heilsársstúdentna á hvert akademískt stöðugildi – Allir akademískir starfsmenn	17,5	15,4	14,6	15,7
Fjöldi heilsársstúdentna á hvert akademískt stöðugildi – Aðeins lektora, dósentar og prófessorar/deildarforsetar (e. core faculty)	27,1	26,8	28,6	23,3

Stundakennarar og sérfræðingar úr atvinnulífínu gegna mikilvægu hlutverki í starfsemi HR. Með aðkomu stundakennara í kennslu gefst tækifæri til að fá inn viðtækari þekkingu, sem veitir mikilvæga innsýn í störf á fræðasviðinu auk þess sem aðkoma þeirra viðheldur sterkum tengslum við atvinnulífið. Aðkoma stundakennara gefur HR jafnframt sveigjanleika í rekstri.

Fjölgun doktorsmenntaðra starfsmanna á sviðum tækni, viðskipta og laga er mikilvægur hlekkur í því að efla meistara-, og doktorsnám við skólann og fjölga þannig nemendum á þessum stigum sem aftur eflir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Á næstu árum er stefnt að því að styrkja deildir skólans með því að auka hlutfall fastra starfsmanna, sér í lagi doktorsmenntuðum starfsmönnum.

Í maí 2010 fékk HR viðurkenningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem vinnustaður sem fylgir viðmiðum Evrópusambandsins um gott starfsumhverfi fyrir rannsóknafólk. Viðurkenningin byggir á viðmiðum sem sett voru árið 2005 í *European Charter for Researchers* og *Code of Conduct for the Recruitment of Researchers*. Með þessu hefur skólinn skuldbundið sig til að aðlaga mannauðsstefnu og starfsumhverfi rannsóknafólks við skólann að stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði og mun taka þátt í úttektum og eftirfylgniathugunum hvað það varðar næstu árin.

## 2.4 Rannsóknir

Við HR eru stundaðar rannsóknir í öllum deildum. Rannsóknir næra kennslu og veita nýrri þekkingu og nýsköpun inn í atvinnulíf og samfélag. HR leitast við að vera leiðandi háskóli á Íslandi í rannsóknnum á sínum fræðasviðum. Öflugar rannsóknir eru lykilþáttur í öllu meistara- og doktorsnámi. Starfsumhverfi sem hvetur til metnaðarfulls rannsóknarstarfs er enn fremur lykilþáttur í því að laða að og rækta doktorsmenntaða starfsmenn með verðmæta rannsóknarreynslu.

Á aðeins örfáum árum hefur skólinn náð að byggja upp frjótt og aðlaðandi rannsóknarumhverfi fyrir bæði innlenda og erlenda vísindamenn, en við skólann starfa nú rúmlega 120 akademískir starfsmenn í 115 stöðugildum (þ.e. lektorar, dósentar, prófessorar, adjúntkar, nýdóttorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar) að margvíslegum rannsóknarverkefnum í samstarfi við bæði innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Hlutfall erlendra starfsmanna skólans við kennslu og/eða rannsóknir er nú um 20%.


HR hefur sett sér metnaðarfulla rannsóknarstefnu sem starfað hefur verið eftir á síðustu árum og skilað tilætluðum árangri á skömmum tíma. Samkvæmt rannsóknarstefnu skólans skal byggt upp doktorsnám við allar deildir hans og ráða nýdóttora á öllum sviðum þar sem skólinn hefur að ráða yfir öflugum vísindamönnum og sterku rannsóknarumhverfi. Efla skal ytri fjármögnun á rannsóknnum með því að stórauka sókn í innlenda og erlenda sjóði. Stefna skal að því að auka fjölda greina sem birtar eru á virtum ritrýndum vettvangi í nafni HR og efla þátttöku vísindamanna skólans í alþjóðlegu samstarfi (rannsóknarverkefni, ráðstefnur, netverk o.fl.).

Mælanleg markmið eru nauðsynleg ef fylgjast á vel með afrakstri rannsóknarstarfs. Þess vegna heldur skólinn saman yfirliti með tölulegum upplýsingum um alla rannsóknarstarfsemi þannig að kynna megi árangur skólans fyrir vísindasamfélaginu, stjórnáráðmönnum, fjölmiðlum og almenningsi (sjá <http://www.ru.is/rit/rannsoknir/>). Við mat á hæfi og ákvarðanir um framgang vegur árangur í rannsóknnum að jafnaði þyngst og er alltaf miðað við þær kröfur sem gerðar eru til vandaðra vísindarannsókna á alþjóðlegum vettvangi við slíkt mat.

Rannsóknarvirgni allra akademískra starfsmanna skólans er metin árlega af erlendri nefnd sérfræðinga. Helstu viðmiðin í þessu árlega mati eru birtingar á ritrýndum vettvangi, önnur rannsóknarstörf svo sem leiðbeiningar rannsóknarnema og öflun rannsóknarfjár úr samkeppnissjóðum. Niðurstaða árlega matsins er lögð til grundvallar við skiptingu rannsóknarfjár frá ríkinu á milli deilda skólans. Einnig hefur verið byggt upp hvatakerfi, meðal annars hvað varðar framgang akademískra starfsmanna. Hvatt er sérstaklega til öflunar styrkja og aðstoðað við umsóknir í rannsóknarsjóði og leitað eftir samstarfi við starfandi fyrirtæki og stofnanir á þessu sviði, bæði hér á landi og erlendis.

Um helmingur birtinga HR í nafni skólans eru í ritrýndum vísindatímaritum og hefur heildarfjöldi birtinga í nafni skólans á ritrýndum vettvangi þrefaldast á árunum 2007-2010 (sjá mynd). Fjöldi birtra ritrýndra greina í vísindatímaritum hefur ekki aðeins aukist síðustu árin, heldur einnig hlutfall þeirra greina sem birtar eru í ISI-tímaritum, þ.e. úr 55% árið 2007 í 78% árið 2010. Fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi á hvert akademískt stöðugildi hefur aukist á árunum 2007 til 2010 úr 1,7 upp í 2,9 á ári (sjá töflu). Fjöldi vísindagreina á hvern akademískan starfsmann sem birtar hafa verið í nafni skólans í ritrýndum vísindatímaritum hefur einnig aukist á sama tímabili, eða úr 0,4 í 1,2 grein á ári. Á aðeins fjórum árum, þ.e. 2007-2010, hefur sjálfsaflafé til rannsókna til skólans þrefaldast, eða úr um 80 m.kr. árið 2007 í um 220 m.kr. árið 2010. Á sama tíma hefur meðalsjálfsaflafé til rannsókna per akademískt stöðugildi hækkað úr 0,6 m.kr. í 1,7 m.kr.. HR mun vinna með ráðuneytinu við samræmt mat á árangri rannsókna í háskólum, þ.m.t. birtingar í ritrýndum tímaritum.





	2007	2008	2009	2010
Fjöldi ritrýndra birtinga á hvert akademískt stöðugildi	1,7	2,1	3,0	2,9
Sjálfsaflafé til rannsókna á hvert akademískt stöðugildi	693	975	1.830	1.704
Rannsóknarframlag ríkisins á hvert akademískt stöðugildi (þús.kr.)	1.982	2.659	2.869	2.911
Hlutfall lektora, dósentna og prófessora með doktorspróf (Ph.D)	63%	62%	65%	65%

## 2.5 Nemendur

Stefna Háskólans í Reykjavík er að vera fyrsti valkostur nemenda á þeim sviðum þar sem skólinn starfar. Áhersla er lögð á að samþætta krefjandi nám og góða þjónustu til að gefa nemendum sem best tækifæri til að afla sér menntunar sem nýtist vel í atvinnulífinu og í frekara námi. Markmið þessa er að styðja sem best við framvindu nemenda sem standast kröfur námsins og þannig halda brottfalli í skefjum og fjölga brautskráningum.

Hautíð 2011 eru nemendur við HR um tæplega 3000 (um 2370 ársnemendur) sem skiptast þannig:

Deild	Fjöldi nemenda	Ársnemendur
Frumgreinasvið	252	231
Lagadeild	379	342
Tækni- og verkfræðideild	1013	865
Tölvunarfræðideild	527	369
Viðskiptadeild	739	562
<b>Samtals</b>	<b>2.910</b>	<b>2.369</b>


Síðustu ár hefur fjöldi nemenda verið nokkuð stöðugur, en þó má greina breytingar á ákveðnum fræðasviðum þar sem nemendur sækja í auknum mæli í meistaranám. Á það einkum við tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild enda hefur námsbrautum á því námsstigi fjölgað nokkuð síðustu þrjú árin. Fjöldi nemenda í frumgreinanámi HR hefur farið talsvert vaxandi sl. ár. HR hefur þá sérstöðu að ívið fleiri karlar stunda nám við skólann en konur og hefur það verið þannig frá því að Tækniháskóli Íslands sameinaðist HR. Hautíð 2011 var hlutfall karla 58% og kvenna 42%.



Síðustu ár hefur fjöldi nemenda í meistaranámi farið vaxandi og bjóða allar fjórar deildir skólans upp á meistara- og doktorsnám. Skipting nemenda eftir stigi náms haust 2011 er eftirfarandi:

Deild	Aðfaranám	Diplómanám á grunnstigi	Bakkalárnám	Meistaránám	Doktorsnám
<b>Frumgr. nám</b>	252				
<b>LD</b>			229	148	2
<b>TVD</b>		166	645	191	11
<b>TD</b>		102	385	30	10
<b>VD</b>		19	523	193	4
<b>Samtals</b>	<b>252</b>	<b>287</b>	<b>1782</b>	<b>562</b>	<b>27</b>

Síðustu ár hefur hlutfall nemenda sem stundar staðarnám heldur aukist og í dag stunda hátt í 90% nemenda HR hefðbundið staðarnám. Í boði auk staðarnáms er fjarnám og háskólanám með vinnu. Þróunin hefur verið eftirfarandi síðustu ár:



HR býður upp á menntun á öllum stigum náms. Námsstig eru. Frumgreinanám (aðfaranám að háskólanámi), diplómanám, grunnnám í háskóla, meistaranám og doktorsnám. Inntökuskilyrði í grunnnám á háskólastigi eru að hafa lokið stúdentsprófi, frumgreinaprófi HR, öðru sambærilegu prófi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnenda viðkomandi deildar. Við mat á umsóknum er tekið tillit til einkunnna á stúdentsprófi, frumgreinaprófi HR, frekari menntunar, starfsreynslu, þátttöku í félagsstörfum og annara afreka. Um meistaranám gilda sömu reglur, en umsækjendur þurfa að hafa lokið háskólaprófi eða sambærilegu námi. Frekari menntun og starfsreynsla er talin umsækjanda til tekna við mat á umsóknum. Jafnræði gildir um inntöku, en ef takmarka þarf aðgang er almennt miðað við námsárangur. Skólagjöld við HR skólaárið 2011-2012 eru eftirfarandi og hafa almennt tekið breytingum m.v. verðlagsþróun undanfarin ár nema í meistaranámi sem hækkaði ekki á milli árunna 2011 og 2012.

Skólagjöld pr. önn (kr.)	
<b>Grunnnám</b>	162.000
<b>Meistaránám I</b>	348.000
<b>Meistaránám II</b>	407.000
<b>MBA nýnemar</b>	812.500 Fast gjald
<b>MBA 2. ár</b>	812.500 Fast gjald
<b>PhD</b>	348.000 Fast gjald
<b>Diplómanám/Tækni- og verkfræðid.</b>	131.000
<b>Frumgreinanám</b>	85.000 Fast gjald

Hlutfallsleg skipting skólagjalda er eftirfarandi ef nemandi er ekki í fullu námi:

	<b>Einingar - ECTS</b>	<b>% skólagjöld</b>	<b>Verð kr.</b>
<b>Grunnám</b>	162.000		
<b>Allar deildir</b>	1-8	50%	81.000
	9-16	75%	121.500
	17+	100%	162.000

Hugmyndir HR um fjölda nemenda við skólann árin 2012 til 2016.

Reikniflokkur	Áætlaður heildarföldi nemenda				
	2012	2013	2014	2015	2016
<b>1 - Viðskipti/lögfræði</b>	1.120	1.140	1.170	1.200	1.230
<b>2 - Tölvunarfræði/stærðfræði</b>	440	470	500	540	590
<b>4 - Íþróttfræði</b>	190	220	220	220	220
<b>5 - Tæknifræði/verkfræði</b>	960	1.000	1.030	1.070	1.120
<b>0 - Frumgreinanám</b>	250	250	250	250	250
<b>Samtals</b>	<b>2.960</b>	<b>3.080</b>	<b>3.170</b>	<b>3.280</b>	<b>3.410</b>

### 3 Áherslur í daglegu starfi

#### 3.1 Samvinna og samkeppni

HR vill efla samstarf við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir og stefnir að því í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að allar prófgráður séu viðurkenndar milli háskóla til að tryggja jafnræði og jafnrétti nemenda. Það gerist best með gæðakröfum og samræmdu viðurkenningarferli, sbr. lög nr. 63/2006.

HR er tilbúinn að taka að sér aukin verkefni á þeim sviðum sem skólinn einbeitt sér að, einkum í tækninámi, en einnig á öðrum sviðum sem geta tengst kjarnasviðum skólans.

HR telur samstarf milli háskóla, rannsóknarstofnana og atvinnufyrirtækja mjög mikilvægt, sérstaklega í rannsóknum, en styður einnig eflingu samkeppnissjóða og að samkeppni stuðli að sem mestu frumkvæði, drifkrafti og auknum árangri í rannsóknum og kennslu. Samstarf er mikilvægt á mörgum sviðum, þó er mikilvægt að hafa ákveðna valkostir í háskólanámi, bæði fyrir nemendur og kennara.

#### 3.2 Tengsl við atvinnulíf og samfélag

Í starfi HR er lögð áhersla á samstarf við innlenda og erlenda aðila sem grundvallast á heilindum og virðingu fyrir hagsmunum beggja. HR tekur virkan þátt í mótun og uppbyggingu atvinnulífs og samfélags og leggur áherslu á að mæta þörf fyrir sérfræðipækkingu með menntun, rannsóknum, nýsköpun, þróun og þátttöku í samfélagsmætingum.

Sérstaða HR byggir m.a. á samningum við atvinnulífið um kennslu og hagnýt ráðgjafa- og rannsóknaverkefni. Áformað er að fjölga slíkum samningum talsvert á næstu árum og styrkja með því tengsl háskólans og atvinnulífs, báðum aðilum til hagsbóta. Lykilatriðið er að HR haldi fullu sjálfstæði sínu í slíkum verkefnum hvað varðar kennslu og rannsóknir. Ennfremur áformar HR að efla tengsl við fyrirverandi nemendur og bjóða þeim frekari möguleika á endurmenntun.

Um 8.800 þátttakendur úr íslensku atvinnulífi sóttu nám og viðburði í Opna háskólanum í HR árið 2010, en alls voru haldin 414 námskeið/viðburðir á árinu. Þá þjónaði Opni háskólinn fleiri en 60 fyrirtækum árið 2010 með sérsníðnum lausnum fyrir vinnustaði.

#### 3.3 Alþjóðlegt starf

HR er alþjóðlegur háskóli þar sem viðmið í rannsóknum og kennslu eru alþjóðleg. HR starfar með leiðandi erlendum háskólum að kennslu og rannsóknum og leggur áherslu á að þjálfa nemendur í alþjóðlegri samskiptafærni. Jafnframt leggur skólinn áherslu á að fá hingað til lands erlenda kennara með sérfræðipækkingu og reynslu.

Hér að neðan er yfirlit yfir fjölda erlendra starfsmanna við kennslu og rannsóknir innan HR og þróun undanfariinna þriggja ára og jafnframt fjöldi samstarfssamninga við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir

ERLENT SAMTARF	2007	2008	2009	2010
<b>Hlutfall erlendra akademískra starfsmanna við kennslu og/eða rannsóknir</b>	11%	17%	18%	20%
<b>Fjöldi virkra skiptisamninga við erlenda háskóla</b>	41	61	92	102
<b>Fjöldi námskeiða á erlendum tungumálum</b>	137	146	182	181
<b>Fjöldi skiptinema til HR</b>	78	94	123	181
<b>Fjöldi skiptinema frá HR</b>	62	102	82	102

Á næstu árum verður lögð áhersla á að auka og dýpka samstarf við þá erlendu háskóla sem færa HR mestan faglegan ávinning og starfa á sömu sviðum og HR. Gert er ráð fyrir einhverri fjölgun samstarfsskóla í takt við áherslur og stefnu skólans.

Áfram verður stefnt að því að fjölga erlendum starfsmönnum sem leggja stund á kennslu og rannsóknir. Það verður ekki horft framhjá því að nám, rannsóknir og atvinna á Íslandi er hluti af alþjóðlegu umhverfi og verður að standast alþjóðlegar kröfur. Að auki er mikilvægt að íslenskir nemendur fái reynslu af því að vinna með erlendum sérfræðingum, bæði til að auka þekkingu þeirra og til að efla færni þeirra í atvinnu og nýsköpun til framtíðar.

Erlendum námsmönnum hefur fjölgað á undanförunum árum og stefnt er að þeim fjölgi nokkuð á næstu árum. Haustið 2011 stunduðu 160 erlendir nemendur frá 37 þjóðlöndum nám við HR, flestir frá Þýskalandi (20) og þar næst frá Spáni (14). Flestir þessara nemanda stunda nám í viðskiptafræði eða 87 talsins. Virkir samningar við aðra háskóla eru um 200 og hafa nemendur HR fjölmarga framúrskarandi skóla að velja úr til að stunda skiptinám. Gert er ráð fyrir að fjöldi skiptinema haldist stöðugur næstu árin. Stefnt er að fjölgun erlendra nema sem stunda fullt nám á meistara- og doktorsstigi, en með því má styrkja námið við HR og afla tekna erlendis frá.

Þróun í fjölda erlendra nemenda og starfsmanna HR verður unnin í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Rúmlega fjögur hundruð erlendir þátttakendur sóttu námskeið Opna háskólans árið 2010. Þar bera hæst hópar starfsmanna erlendra háskóla og stjórindahópar frá alþjóðlegum fyrirtækjum.

Skólinn hefur lagt áherslu á að fá óháða aðila til að framkvæma úttektir á námsbrautum við HR. Á haustönn 2011 var lagt mat MBA-nám skólans af Association of MBAs og fékk vottun og er skólinn núna einn af 187 skólum í heiminum sem hefur slíka vottun. Viðskiptadeild HR er í ferli að fá alþjóðlega vottun (EPAS, sjá inn á <http://www.efmd.org/>) á bakkalárnám í viðskiptafræði. Alþjóðleg nefnd heimsótti skólann í nóvember 2011 til að taka út ofangreindar brautir. Auk þess eru tölvunarfræðideild skólans í ferli að sækja um alþjóðlega vottun (*Euro-Inf Quality Label*).

Árið 2005 sótti skólinn um *Diploma Supplement Label* frá Evrópusambandinu og fékk vottun fyrstur íslenskra háskóla á skirteinisviðauka sem nemendur fá við útskrift. Í byrjun árs 2010 sótti skólinn um áframhaldandi vottun og fékk hana staðfesta í júlí 2010.

### 3.4 Þverfaglegt starf

HR leggur áherslu á þverfaglegt starf í kennslu og rannsóknunum í því skyni að efla færni og vísýni. Virk samkipti, gagnkvæmur skilningur og virðing fyrir framlagi fræðigreina eru forsendur þverfaglegs samstarfs.

Lögð verður áhersla á að tengja saman einstaka námsgreinar og mæta þannig þörfum fyrir fjölbreytta þekkingu auk sérhæfingar. Það er stefna HR að nemendur hafi tækifæri til þess að afla sér háskólagráðu í fleiri en einni grein, til dæmis með því að bjóða upp á meistaranám fyrir einstaklinga sem lokið hafa grunnnámi í öðru fagi. Þverfagleg áhersla þýðir að nemendur hafa möguleika á að taka val í öðrum deildum og afla sér þannig þekkingar og hæfni á öðru fræðasviði. Þverfagleg menntun og rannsóknir eru mikilvægur þáttur í nútíma atvinnustarfsemi, þar sem m.a. hönnun, hugbúnaður, byggingatækni, skipulag, tækniþróun og mannleg sjónarmið tengjast saman. Þverfagleg menntun getur stuðlað að eflingu skapandi atvinnugreina og mörkin milli fræðigreina eru ekki alltaf skýr. Lögð er sérstök áhersla á að hvetja nemendur til að taka valnámskeið utan sinna deilda.

Kennsla og nýsköpun	2010				
	LD	TVD	TD	VD	Samtals
Hlutfall útskrifaðra nemenda sem hefur tekið nýsköpunarnámskeið	100%	100%	14%	100%	83%
Fjöldi þverfaglegra námskeiða	3	7	2	27	41

Síðustu ár hefur aukið úrval þverfaglegra námskeiða átt sinn þátt í því að nemendur vinna oft að þverfaglegum verkefnum með nemendum utan sinna móðurdeilda. Stefna skólans hefur verið að fjölga nýsköpunarnámskeiðum og var hlutfall útskrifaðra nemenda í grunnnámi sem tóku slík námskeið 83% árið 2010.

Það er eitt af megin markmiðum HR að tengja betur saman mismunandi fræðasvið og brúa það bil sem þar er á milli. Það er sérstaklega mikilvægt á sviðum tækni, viðskipta og laga. HR leggur áherslu á samstarf við aðra háskóla hér á landi og erlendis þar sem tækifæri eru á þessu sviði.

HR hyggst á næstu 5 árum setja á fót 1-2 þverfaglegar námsbrautir á meistarastigi sem byggja munu á samstarfi tveggja eða fleiri deilda skólans eða í samstarfi við aðra háskóla.

Ennfremur hyggst HR skoða hvort grundvöllur reynist fyrir því að bjóða upp á aukagreinar í grunnnámi.

### 3.5 Nýsköpun og tækniþróun

HR leitast við að vera drifkraftur nýsköpunar og vill skapa tækifæri fyrir hagnýtingu þekkingar og tækni með rannsóknum, kennslu og tengslum við atvinnulíf og samfélag. Nýsköpun, hvort sem er í nýjum eða starfandi fyrirtækjum, er forsenda framfara og þróunar. HR vill verða leiðandi háskóli á sviðum tækni, viðskipta og laga og gegna lykilhlutverki í nýsköpun með samstarfi við fyrirtæki og stofnanir um þekkingaryfirfærslu, frumkvöðlastarf og fleira.

Rannsóknir og kennsla tengt nýsköpun og stofnun fyrirtækja og samstarf við sprotafyrirtæki varðandi öflun rannsóknarfjár og aðstöðusköpun er eitt megin hlutverk háskólans. Sérstaklega mun HR leggja aukna áherslu á frumkvöðlanám á háskólastigi sem er sérstaklega ætlað starfsmönnum sprotafyrirtækja. Samstarf við atvinnulíf um uppbyggingu vísinda- og tæknigarða á svæði HR verður eitt af mikilvægum verkefnum HR á næstu árum.

## 4 Innra starf og gæðastýring

### 4.1 Gæðastarf

Innan HR er unnið að því að auka gæði náms, rannsókna, þjónustu og tengsla við atvinnulíf og samfélag. HR gætir þess að starfsemin sé í samræmi við viðurkennd innlend og alþjóðleg viðmið meðal annars Bologna samninginn um Evrópsk viðmið í háskólamenntun.

Innan HR er gæðastjórnunarkerfi þar sem fylgist er með þróun starfs, mats og eftirlits á sviði kennslu, rannsókna, akademískra starfsmanna og stoðþjónustu. Jafnframt vinnur HR með ráðuneyti mennta- og menningarmála og Gæðaráði háskóla að gæðaúttektum á starfi HR með reglulegu millibili. Gæðastjórnunarkerfi HR skiptist í fjóra hluta og í hverjum hluta er fjallað um umfang, tilgang, hugtök og skilgreiningar, helstu lykilferli og mælingar, ábyrgð og skjalfestingu og birtingu lykilupplýsinga.

Gæðakerfi kennslu nær til gæða allra námsbrauta við skólann og framkvæmdar kennslu. Til þess síðarnefnda teljast nýsköpun í kennslu, fjölbreytni kennsluáðferða, mat á kennslu og mat á frammistöðu nemenda. Megintilgangur er að efla og bæta nám og kennslu við HR með reglubundnu mati, úttektum og eftirliti. Endanlegt markmið er að framfylgja stefnu háskólans um nýsköpun, fjölbreytta kennsluhætti og þverfaglegt nám, svo að HR verði valkostur þeirra sem vilja stunda háskólanám á Íslandi á fræðasviðum skólans. Lykilferli í gæðakerfi kennslu eru samþykkt nýrra námsbrauta, kennslumat, kennsluþjálfun, úttektir á viðmiðum við inntöku nemenda og greining á námskeiðum.

Gæðakerfi HR í rannsóknum nær til alls rannsóknarstarfs innan háskólans, þ.e. allra rannsókna akademískra starfsmanna og annarra sem stunda rannsóknir við skólann, þar með talið rannsóknanema í doktors- og meistaranámi. Megintilgangurinn er að styrkja stöðu skólans sem háskóla og gæði rannsókna innan hans sem og að styðja útfærslu á markmiðum háskólans um kröftugt rannsóknarstarf (sjá nánar í rannsóknarstefnu HR). Lykilferli í gæðakerfi rannsókna er árlegt mat erlendra sérfræðinga á rannsóknarvirkni allra akademískra starfsmanna við skólann.

Gæðakerfi vegna akademískra starfsmanna nær yfir ferla sem varða öflun umsækjenda, val starfsmanna, starfsþróun og stöðuhækkun akademískra starfsmanna. Megintilgangurinn er að sjá til þess að akademískir starfsmenn séu færir um að framfylgja stefnu háskólans varðandi akademískan styrk, nýsköpun í kennslu, sterk tengsl við samfélagið og það að verða alþjóðlegur háskóli. Lykilferli í gæðakerfi akademískra starfsmanna eru ferli við ráðningar í akademísk störf, ferli fyrir framgangsmat og úthlutun akademískra stöðuheita, ferli fyrir árlegt starfsmannaviðtal akademískra starfsmanna, reglur um rannsóknarleyfi, endurmenntun starfsmanna og kannanir á viðhorfum starfsmanna.

Gæðakerfi stoðþjónustu nær til ferla og úttekta sem snerta stoðþjónustu fyrir nemendur og starfsmenn, með það að meginmarkmiði að tryggja gæði og sífellda framþróun í stoðdeildum fyrir nemendur og starfslíð. Lykilferli í gæðakerfi stoðþjónustu eru árleg þjónustukönnun meðal nemenda, starfsmannasamtöl, endurmenntun og árleg þjónustukönnun meðal starfsmanna.

### 4.2 Þjónusta og aðbúnaður

HR leggur áherslu á að þjónusta og aðbúnaður skapi góð skilyrði til náms og rannsókna. Þjónustan einkennist af fagmennsku, jákvæðni og hagsýni.

Stoðdeildir skólans og skrifstofur einstakra deilda veita nemendum ýmsa þjónustu og er það keppikefli í HR að sú þjónusta sé góð, enda er hún mæld árlega í þjónustukönnun meðal nemenda. Yfirlit yfir starfskrafta deilda og Opna Háskólans er að finna hér á eftir, en utan akademískra deilda starfa 59 einstaklingar í 57 stöðugildum við ýmsa þjónustu. Hér er tæpt á hlutverkum helstu eininga sem styðja við nám, rannsóknir, tengsl og önnur störf HR:

**Stúdentabjónusta** veitir námsráðgjöf og margvíslega persónulega aðstoð og atvinnubjónustu. Auk þess býður Stúdentabjónustan upp á fjölmörg námskeið fyrir nemendur til að efla námsárangur þeirra. Loks heldur Stúdentabjónustan utan um allt skiptináám, bæði nemendur HR sem fara utan og nemendur úr samstarfsskólum sem koma til HR. Starfsmenn stúdentabjónustunnar eru 8.

**Bókasafnið** veitir nemendum og starfsmönnum aðgengi að safni bóka og greina á fagsviðum HR og er stærstur hluti þess í gegnum rafrænt aðgengi. Á bókasafni er ennfremur boðið upp á upplýsingabjónustu, aðstoð við rannsókn- og heimildavinnu og vinnuaðstöða fyrir nemendur. Starfsmenn bókasafnsins eru 7.

**Tölvu- og tæknideild** veitir nemendum og starfsmönnum bjónustu við tölvutækni og hugbúnað. Starfsmenn tölvu- og tæknideildar eru 8.

**Kennslusvið** sér um alla skráningu nemenda og námskeiða, hefur eftirlit með námskeiðum, sér um stundatöflur og heldur utan um próf og útskriftir, auk þess að veita ýmsa ráðgjöf og þjálfun í kennslutækni. Starfsmenn kennslusviðs eru 4.

**Samskipta- og tengslasvið** sjá um samstarf og upplýsingastreymi innan skólans sem og gagnvart samfélagi, atvinnulífi, nemendum og erlendum samstarfsaðilum. Á þeim sviðum starfa 7 einstaklingar.

**Þjónustudeild og umsjón viðburða** sjá um alla almenna þjónustu og utanumhald að því er varðar afgreiðslu og móttöku, aðstoð við nemendur og gesti, skrifstofuumsjón, skrifstofuvörur, ljósritun, ferðalög og viðburði eins og ráðstefnur og málþing. Á þeim sviðum starfa 8 einstaklingar.

**Fjármáladeild** sér um bókhald, innheimtu og greiðslu reikninga, innheimtu skólagjalda og uppgjör. Þar eru 7 starfsmenn.

**Fasteignumsjón** sér um allan rekstur og viðhald er viðkemur húsnæði skólans, kennslutækniþúnaði, aðstöðu nemenda, umsjón og fjárfestingar. Þar starfa 4 starfsmenn.

**Rannsóknarþjónusta** veitir ýmsa þjónustu fyrir starfsmenn í rannsóknnum og nemendur í rannsóknatengdu námi. Þar eru 2 starfsmenn.

Á **skrifstofu rektors** starfa rektor, tveir framkvæmdastjórar, annars vegar stjórnunar og rekstur og hins vegar fjármála og fasteigna- og tölvubjónustu auk skrifstofustjóra, alls 4 starfsmenn.

Veitingabjónusta er veitt nemendum og starfsmönnum í matsal skólans. Einnig er kaffihús í miðju skólans auk þess sem nemendur hafa aðgang að veitingum í sjálfsölum allan sólarhringinn nánast alla daga ársins. Líkamsræktaraðstaða fyrir starfsmenn og nemendur er í kjallara byggingarinnar.

Nemendur hafa les- og vinnuaðstöðu í mismunandi rýmum.

- Í opnum rýmum þar sem ekki er gerð krafa um þögn.
- Í hópinnurýmum bæði í lokuðum herbergjum og opnum rýmum.
- Lesaðstöðu í sérstökum lessölum og á bókasafni þar sem krafa er um algjört næði og þögn.
- Í sérstökum afmörkuðum rýmum fyrir meistaranema.
- Allir doktorsnemar hafa vinnuaðstöðu á vinnusvæðum akademískra starfsmanna og aðgengi að sömu aðstöðu og þeir.

Um það bil 1000 sæti eru fyrir nemendur utan kennslustofa auk þess sem nemendur hafa aðgang að flestum kennslustofum þegar þær eru ekki nýttar til kennslu. Þetta þýðir að nemendur eiga að hafa alltaf kost á vinnuaðstöðu þótt kennsla sé í fullum gangi. Skólinn er opinn nemendum allan sólarhringinn og hafa þeir þannig kost á að nýta aðstöðuna allt árið um kring óháð því hvernig annarri starfsemi er háttað.

HR kappkostar að bjóða nemendum upp á hugbúnað sem nýtist þeim í námi og starfi. Til þess að ná þessu markmiði hefur skólinn samið við nokkur hugbúnaðarfyrirtæki þar sem nemendur fá frí afnot af öllum hugbúnaði frá Microsoft, SPSS, MATLAB o.fl. Jafnframt geta nemendur keypt hugbúnað á kostnaðarverði til nota á eigin tölvum.

Árlega er framkvæmd könnun meðal nemenda þar sem þeir leggja mat á aðstöðu til náms og starfsemi stöðbjónustu. Niðurstöður könnunarinnar eru notaðar til að bæta þjónustuna og auka skilvirkni hennar.

### 4.3 Siðferði, sjálfbærni og ábyrgð

HR leggur áherslu á sjálfbærni og ábyrgð í starfsemi sinni og ber virðingu fyrir einstaklingum, samfélagi og umhverfi.

Með þessari yfirlýsingu hyggst HR starfa í anda skilgreiningar *Brundtland* skýrslunnar frá 1987 á hugtakinu sjálfbærri þróun:

*Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.*

HR gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þekkingarsamfélags þar sem einkennist af umburðarlyndi, virðingu fyrir mannréttindum og skoðanafrelsi. Áhersla í kennslu og rannsóknum skal endurspegla þetta viðhorf.

HR hefur sett fram stefnu í umhverfismálum sem tekur til kennslu, rannsókna, samgöngumála og reksturs.

Rektor skipar síðanefnd og er hlutverk hennar er að taka afstöðu til og gefa stjórnendum HR umsögn um mál sem til hennar er beint vegna meintra brota á síðareglum.


## 5 Stjórnun, skipulag og fjármál

### 5.1 Stjórnun og skipulag

Æðsta vald og ábyrgð á rekstri HR er í höndum háskólaráðs, sem kjörið er af bakhjörllum skólans á aðalfundi til eins árs í senn. Í háskólaráði sitja rektor og 8 stjórnarmenn og eru fundir haldnir að jafnaði mánaðarlega.

Framkvæmdastjórn skólans er skipuð rektor, deildarforseta fjögurra deilda, framkvæmdastjóra stjórnunar og reksturs og framkvæmdastjóra fjármála og fasteignareksturs, auk þess sitja formenn rannsóknarráðs og námsráðs fundi framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórnarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega.

Skipurit skólans er þannig:



HR hefur sett sér síðareglur, umhverfisstefnu, heilsustefnu, rannsóknarstefnu, mannauðsstefnu, kennslustefnu, jafnréttisstefnu, þjónustustefnu og stefnu varðandi aðstoð við fatlaða.

Unnið er að stefnumótun í upplýsingatæknimálum þannig að HR verði í fremstu röð í nýtingu upplýsingatækni fyrir starfsmenn og nemendur. Því verkefni verður lokið í byrjun árs 2012 og mun ná til áranna 2012-2014.

HR stefnir að því á árinu 2012 breyta rekstrarformi háskólans úr hlutafélagi í sjálfseignastofnun. Samfara mun HR gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru vegna endurskoðunar á lögum um háskóla nr. 63/2006 en frumvarps þess efnis verður lagt fram á vorþingi 2012.

### 5.2 Fjármál

HR leggur áherslu á vandaða fjármálastjórn og gerð er fjárhagsáætlun til eins árs í senn og grófari áætlun til þriggja ára. Fjárhagsáætlun er brotin niður á mánuði og mánaðarleg uppgjör eru borin saman við áætlun. Áætlanagerð fyrir næsta ár hefst um miðjan september ár hvert og er lokið í desember. Allar deildir skólans taka þátt í gerð fjárhagsáætlunar. Áætlunin er lögð fyrir framkvæmdastjórn og síðan háskólaráð til samþykktar.



Mánaðarleg uppgjör eru kynnt í lok hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Nákvæmara uppgjör er framkvæmt um mitt ár og ársuppgjör er endurskoðað af endurskoðunarfyrtæki skólans í apríl eða maí ár hvert.

Markmiðið er að rekstur skólans sé að jafnaði fjárhagslega jákvæður, en ef einhver afgangur er af rekstri er hann einvörðungu nýttur til styrkingar starfsemi skólans.

## 6 Megináherslur og markmið til 2015

Áherslur og markmið HR byggja á skýrri stefnu í kennslu, rannsóknum og tengslum við atvinnulíf og samfélag. Unnið er að markmiðasetningu til ársins 2015 og verður þessi hluti uppfærður þegar þeirri vinnu er lokið. Þó er vert að nefna nokkur lykilatriði í markmiðum skólans til næstu ára:

HR vill stefna að því að nemendum fjölgi um 3-5% á ári næstu þrjú árin. Fjöldi nemenda verði um þá 3.500 haustið 2015. Þessi áætlun byggir á þeirri sérstöðu sem HR hefur náð á sínum kjarnasviðum; tækni, viðskiptum og lögum. Stefnt er að því að fjölga á námsbrautum í meistara- og doktorsnámi en þar er svigrúm til að fjölga nemendum án þess að bæta þurfi verulega við fastan kostnað. Enn fremur er ljóst að fjölga þyrfti nemendum á námsbrautum í tæknigreinum til að uppfylla þörf atvinnulífsins fyrir menntað tæknifólk.

Hér að neðan má finna drög að helstu áherslum fyrir næstu 3 árin. Drögin verða uppfærð þegar vinnu við markmiðasetningu lýkur:

### Aukin gæði kennslu og efling námsreynslu nemenda

- Stefnt er að frekari þróun mælikvarða til að meta styrk kennslu við HR.
- Úrval kennslufræðinámskeiða verði aukið og markviss þjálfun kennara eflað enn frekar.
- Aukin áhersla verði á verklega kennslu, lausnamiðað nám og tengingu raunhæfra verkefna úr atvinnulífi og samfélagi við námið.
- Aukin áhersla verði lögð á að meta heildarupplifun nemenda af námi við HR
- Áhersla verði lögð á að draga úr brottfalli nemenda úr námi, án þess að dregið sé úr kröfum til nemenda.
- Aukin áhersla verði á hagnýtingu upplýsingatækni við nám og kennslu.
- Gerð verði reglulega könnun á afdrifum útskrifaðra nemenda HR

### Aukinn styrkur rannsókna

- Haldið verði áfram að efla rannsóknir við skólann á næstu árum.
- Áfram verði lögð áhersla á að auka birtingar á ritrýndum vettvangi.
- Stefnt er að því að efla þátttöku vísindamanna skólans í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi.
- Sókn í rannsóknarsjóði, sérstaklega erlenda samkeppnissjóði, verði aukin enn frekar.

### Efling tengsla við atvinnulíf og samfélag

- Stefnt er að því að efla enn frekar samstarf við háskóla, fyrirtæki og rannsóknarstofnanir.
- Stefnt er að því að fjölga verkefnum sem nemendur vinna í samstarfi við fyrirtæki.
- Stefnt er að því að fjölga samningum um kennslu-, ráðgjafa- og rannsóknarverkefni með atvinnulífinu.
- Stefnt er að því að auka fjölda opinberra fyrirlestra og þátttöku HR í samfélagsumræðunni.

### Efling og þróun mannaúts

- Stefnt er að því að fjölga nokkuð fastráðnum kennurum til að efla styrk og gæði námsins. Sérstaklega verði horft til fjölgunar doktorsmenntaðra starfsmanna.
- Stefnt er að því að lækka hlutfall nemendur/akademískir starfsmenn.
- Stefnt er að því að allar deildir skólans hafi á að skipa alþjóðlega framúrskarandi vísindamönnum í allar lektors-, dósent- og prófessorsstöður.

### Aukning alþjóðlegs samstarfs

- Aukin áhersla verði á þróun og kynningu námsbrauta sem laða að erlenda nemendum.
- Stefnt er að því að halda áfram að laða að erlenda skiptinema.
- Fjölga erlendum nemendum í gráðunámi sér í lagi á meistara og doktorsstigi.
- Áfram verði stefnt að því að allar deildir skólans fái alþjóðlega viðurkenningu á kennslu og rannsóknum.

## Áhersla á þverfagleika

- Aukin áhersla verði á þróun þverfaglegs náms við skólann.
- Auka val nemenda á námskeiðum þvert á deildir og almennt auðvelda nemendum að stunda þverfaglegt nám við skólann.
- Stefnt er að því að koma á fót 1-2 þverfaglegum námsbrautum á meistarastigi.

## Nýsköpun

- Stefnt er að því að styðja við stofnun og vöxt sprotafyrirtækja sem spretta úr rannsókna og þekkingarumhverfi HR eða nýtast til eflingar á þeim sviðum.
- Stefnt er að því að ýta undir umsóknir um einkaleyfi

## Fjárhagur

- Eigið fé sé ávallt jákvætt og eiginfjárlutfall að jafnaði yfir 30%.
- Skólinn hafi ávallt handbært fé eða aðgang að fé sem tryggir öruggar greiðslur sem tengist rekstri skólans á hverjum tíma.
- Eingöngu sé ráðist í lántökur ef sýnt er að fjárfesting skili sér og hægt sé að standa undir greiðslu lána
- Ávallt sé leitað hagstæðustu verða við innkaup að teknu tilliti til gæða og þjónustu.
- Starfsmönnum séu boðin sanngjörn og samkeppnishæf kjör.
- Á næstu árum verði hækkun skólagjalda í takt við verðlagsþróun en skólagjöld í meistaránámi verði haldið óbreyttum a.m.k. næstu 1-2 árin.

## 7 Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og hæfniviðmið

### 7.1 Samstarf

HR mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun náms og rannsókna við skólann. Eins og fram kemur í þjónustusamningi, verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu skólans. Að auki mun HR eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnóðum um mikilsverða áfanga og þær breytingar sem áhrif hafa á starfið.

### 7.2 Upplýsingagjöf og lykiltölur

HR mun skila öllum þeim gögnum sem óskað er eftir í samningnum.

Við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölulegum gögnum úr skráum hans sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggstu heildarmynd af háskólanum, hvernig hann þróast og hvernig hann er í samanburði við aðra háskóla.

HR mun skila yfirliti yfir lykiltölur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og birta á heimasíðu sinni í samræmi við birtingaráætlun eigi síðar en um mitt árið á eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun jafnframt birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Skilgreiningar og tímamörk lykiltalna eru í vinnslu og gert er ráð fyrir að á fyrsta formlega samráðsfundi aðila verði tekin ákvörðun um val þeirra, skilgreiningar ásamt birtingaráætlun. Í viðauka 5 eru drög að lykiltölum sem unnið verður út frá en meginþættir þeirra eru nemendur, starfsfólk, kennsla og rannsóknir, fjárhagur, svæðistenging og mikilvægi, virkni í þekkingaryfirfærslu og alþjóðlegar áherslur. Lykiltölnar taka fullt tillit til lykiltalna *U-Map* verkefnisins (*European classification of higher education institutions* – vefslóð: <http://www.u-map.eu/>).

Loks mun HR skila inn frekari upplýsingum til ráðuneytisins er varða starf og árangur skólans, svo sem rannsókna- og kennsluskýrslur.

### 7.3 Kröfur um hæfni

HR skilgreinir og birtir lágmarkskröfur um hæfni nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum við skólann. Við framsetningu hæfnikrafna í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði, skal tekið mið af aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Framsetning annarra hæfnikrafna verði unnin í samráði við ráðuneytið. Í viðauka 8.6 eru nánari upplýsingar um forsendur hæfniviðmiða og dæmi um framsetningu.

Í febrúar 2012 er ráðgerður upphafsfundur með þeim deildarfulltrúum sem leiða munu verkið innan skólans og gert er ráð fyrir að í framhaldinu verði hafin vinna við skilgreiningu hæfnikrafna sem ljúka á í júní 2012. Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar munu vera HR til aðstoðar við vinnslu verkefnisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á samfellu milli skólastiga. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla munu framhaldsskólar gera tillögur að uppbyggingu námsbrauta til stúdentsprófs. Eftir umsagnaferli eru þær staðfestar af ráðuneytinu og verða þá hluti af aðalnámskrá. Hæfnikröfur einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við námsbrautagerð og námsmenn varðandi sérhæft námsval. Skilgreining á hæfnikröfum getur einnig komið í veg fyrir endurtekningar í námi og stuðlað að mati milli skólastiga. Ráðuneytið telur mikilvægt að hægt verði að senda tillögur að námsbrautum til stúdentsprófs til umsagnar innan háskólastigsins og mælist til að ofangreindir deildarfulltrúar tengist þeirri vinnu.

## 8 Viðaukar

Hér er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemi og árangur HR. Námsbrautir og prófgráður HR eru birtar hér m.v. desember 2011 og verða uppfærðar reglulega, ef breytingar verða á námsframbodinu. Í þeirri sömu endurskoðun verður fyllt inn í helstu lykiltölur og hæfniviðmið.

### 8.1 Námsbrautir og prófgráður við HR

Hér er að finna allar þær námsbrautir og prófgráður sem eru í gangi á háskólastigi í HR árið 2011, auk frumgreinanáms. Brautirnar og prófgráðurnar eru flokkaðar eftir deildum skólans.

#### Frumgreinanám

Frumgreinanám

#### Lagadeild

BA í lögfræði

Meistarapróf í lögfræði

PhD í lögfræði

#### Tækni- og verkfræðideild

Byggingariðnfræði - diplóma

Rafiðnfræði - diplóma

Véliðnfræði - diplóma

Rekstrariðnfræði - diplóma

BSc í byggingafræði

BSc í íþróttufræði

Byggingartæknifræði B.Sc

Rafmagnstæknifræði B.Sc

Vél- og orkutæknifræði B.Sc

BSc í fjármálaverkfræði

BSc í heilbrigðisverkfræði

BSc í hátækniverkfræði

BSc í rekstrarverkfræði

BSc í vélaverkfræði

Iðnaðartæknifræði B.Sc.

MSc byggingarverkfræði/steinsteypuþækni

MSc byggingarverkfræði/framkvæmdastjórnun

MSc byggingarverkfræði/mannvirkjahönnun

MSc byggingarverkfræði/umferð og skipulag

MSc í fjármálaverkfræði

MSc í ákvarðanaverkfræði

MSc í véla- og rafmagnsverkfræði

MSc í heilbrigðisverkfræði

MSc í verkfræðilegum lífvísindum

MSc í framkvæmdastjórnun

MSc í sjálfbærum orkuvísindum - REYST

MSc í rekstrarverkfræði

MSc í íþróttavísindum og þjálfun

MSc í lífupplýsingafræði

MSc í skipulagsfræðum og samgöngum

Meistaragráða í verkefnastjórnun - MPM

Doktorsgráða í verk- og tæknivísindum

### **Tölvunarfræðideild**

Diplóma í kerfisfræði - Fjarnám  
Diplóma í kerfisfræði - H MV  
Diplóma í kerfisfræði  
BSc í tölvunarfræði  
BSc í tölvunarfræði - viðskiptafræðival  
BSc í hugbúnaðarverkfræði  
BSc í tölvunarstærðfræði  
Meistaragráða í tölvunarfræði  
Meistaragráða í máltækni  
Meistaragráða í hugbúnaðarverkfræði  
Doktorsgráða í tölvunarfræði

### **Viðskiptafræðideild**

Diplóma með áherslu á fjármál  
Diplóma með áherslu á stjórnun  
Diplóma með áherslu á markaðsfræði  
BSc í sálfræði  
BSc í viðskiptafræði  
BSc í viðskiptafræði (H MV)  
BSc í viðskiptafræði - tölvunarfræðival  
BSc í viðskiptafræði - áhersla á tungumál  
MBA  
Meistaragráða í fjárfestingarstjórnun  
Meistaragráða í alþjóðaviðskiptum  
Meistaragráða í reikningshaldi og endurskoðun  
Meistaragráða í fjármálum fyrirtækja  
Meistaragráða í fjármálum fyrirtækja  
Meistaragráða í fjármálum - MQF  
Meistaragráða í reikningshaldi og endurskoðun  
Meistaránám í stjórnunarreikningsskilum og viðskiptafærni  
Master in Organisational Behaviour and Talent Management  
Meistaragráða í fjárfestingarstjórnun  
Doktorsgráða í viðskiptafræði

## **8.2 Samstarfsskólar**

HR er í samstarfi við fjölda háskóla um allan heim. Stærsti hluti þessara háskóla er í samstarfi um nemendaskipti, en gildir samningar í þeim efnum eru nálægt 200. Annað samstarf er sértækara á sviðum kennslu og rannsókna.

## **8.3 Styrkur skólans í rannsóknum**

Á hverju ári gefur HR út skýrslu um styrk skólans í rannsóknum. Skýrslu ársins 2010 má finna á vef HR: [www.hr.is](http://www.hr.is)

## **8.4 Styrkur skólans í kennslu**

HR gefur árlega út skýrslu um styrk skólans í kennslu. Skýrsluna má finna á vef HR: [www.hr.is](http://www.hr.is). Í framtíðinni mun gerð skýrslunnar þróast með að markmiði að veita árlega skýra og samanburðarhæfa sýn á umfang og gæði kennslu við skólann.

## **8.5 Lykiltölur**

### **I. Nemendur**

1. Heildarfjöldi nemendaígilda á almanaksári
2. Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu eftir

- kyni
  - fagsviðum
  - námsstigum
  - nýnemar eftir námsstigum
  - námshlutfalli/ umfangi náms
  - kennsluformi
  - þjóðerni
3. Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu eftir
    - kyni
    - aldri
    - fagsviðum
    - námsstigum
  4. Hlutföll
    - Inntökuhlutfall
    - Endurkomuhlutfall (skila sér á 2 námsár)
    - Hlutfall nemenda sem ekki hefur lokið tilsettri námsgráðu eftir ákveðinn tíma (áætlaður tími + 1 ár)
    - Hlutfall nemenda eldri en 30 ára

## II. Starfsfólk

1. Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks á almanaksárinu
2. Heildarfjöldi akademískra starfsmanna eftir
  - kyni
  - aldri
  - menntun
  - stöðuheiti
  - starfshlutfalli
3. Annað
  - Fjöldi nemenda á akademíska starfsmenn
  - Skipting kennslu (fastráðnir/stundakennarar)

## III. Kennsla og rannsóknir

1. Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann eftir
  - fagsviðum
  - námsstigum
2. Hlutfall útskrifaðra (af öllum stigum) af þrem námsleiðum: almennt nám, nám sem leiðir til starfsréttinda og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir.
3. Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu skipulagðar með
  - innlendum háskólastofnunum
  - erlendum háskólastofnunum
4. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna í ritrýndum tímaritum/bókum á árinu eftir fagsviðum
5. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
6. Fjöldi tilvitnana fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
7. Fjöldi einkaleyfisumsókna og fenginna einkaleyfa á árinu
8. Fjöldi sprotafyrirtækja stofnuð á árinu
9. Fjöldi rannsóknnaafurða annarra en birtinga í ritrýndum tímaritum og fagtímaritum á akademískt stöðugildi
10. Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum og ritum sem beint er til faghópa og rekja má í gagnagrunnum til einstakra akademískra starfsmanna

## IV. Fjárhagur

1. Heildartekjur háskólans á árinu:
  - Heildargreiðsla úr ríkissjóði
  - Heildarupphæð annarra tekna:
    - Heildarupphæð skrásetningar- og skólagjalda (ekki endurmenntunarstarfsemi)

- Heildarupphæð rannsóknarstyrkja úr innlendum rannsóknasjóðum
  - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr erlendum rannsóknasjóðum
  - Heildarupphæð tekna af annarri starfsemi
    - tekjur af endurmenntun
    - tekjur af þekkingartengdri starfsemi s.s. leyfisgjöld, samstarfs- og styrktarsamningar o.s.frv.
    - tekjur af eignum.
2. Heildarútgjöld háskólans á árinu til
- kennslu
  - rannsókna
  - annars, s.s. stjórnáætlun, stöðþjónusta, húsnæðis

#### V. Svæðistenging

1. Fjöldi fyrsta árs nemenda í bakkalár námi (höfðatala) frá svæðinu sem hlutfall af heildarfjölda fyrsta árs bakkalárnemenda. Svæði ákvarðast af heimilisfangi nemanda.
2. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist fyrir tveimur árum (viðmiðunarár - 2), sem starfa á svæðinu, sem hlutfall af heildarfjölda brautskráðra frá því fyrir tveimur árum síðan.
3. Heildartekjur af svæðisbundnum og staðbundnum uppruna (bæði opinberir aðilar og einkaaðilar), þ.m.t. allir styrkir, niðurgreiðslur, kennslu- og rannsóknasamningar í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.

#### VI. Virkni í þekkingaryfirfærslu

1. Fjöldi opinberra sýninga, opinberra tónleika og sýninga, sem eru skipulagðar af stofnun eða deild innan hennar, sem eru skráðar sem slíkar og eru aðgengilegar fyrir almenning, á 1000 akademísk stöðugildi.
2. Heildartekjur af einkaleyfasamningum, tekjur af rannsóknasamningum við einkaaðila og opinbera aðila, tekjur af höfundaréttindum og tekjur af endurmenntunarstarfsemi (Continuing professional development - CPD) sem hlutfall af heildartekjum.

#### VII. Alþjóðlegar áherslur

1. Fjöldi nýnema með erlent prófskírteini sem hlutfall af heildar innritun á námsbrautir skólans.
2. Tekjur af erlendum uppruna, þ.m.t. styrkir og samningar um kennslu og rannsóknir, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.
3. Fjöldi innritaðra nemenda í erlendum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.
4. Fjöldi erlendra akademískra starfsmanna (höfðatala) sem hlutfall af heildarfjölda akademískra starfsmanna (höfðatala). Erlendir akademískir starfsmenn eru akademískir starfsmenn með erlent ríkisfang sem starfa hjá stofnun eða starfa á grundvelli skiptiáætlana.
5. Fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.

## 8.6 Kröfur til stúdentsprófs

Í aðalnámskrá framhaldsskóla stendur m.a.:

Stúdentspróf miðar að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Náms tími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 fein. (Að jafnaði er miðað við að nemandi í fullu námi skili 30 fein á önn) Námslokinn eru í öllum tilvikum skilgreind á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokamarkmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falid í sér bóknám, listnám eða starfsnám.

Um nám til stúdentsprófs gilda sérstakar reglur auk ákvæða um lágmarkseiningafjölda. Þær lúta að hæfnikröfum í kjarnagreinum og öðrum greinum auk reglna sem gilda almennt um innihald og uppbyggingu námsbrauta með námslok á þriðja hæfniprepi.

#### Kröfur um kjarnagreinar til stúdentsprófs

Allar brautir til stúdentsprófs skulu innihalda að lágmarki 45 fein. í kjarnagreinum, þ.e. ensku, íslensku og stærðfræði. Í viðauka 3 í aðalnámskrá framhaldsskóla er gerð ítarleg grein fyrir hæfniviðmiðum kjarnagreina á mismunandi hæfniprepum.



Námsbrautir skulu vera skipulagðar þannig að nemendur nái að lágmarki hæfni á þriðja hæfniprepi samkvæmt lýsingu í viðauka 3. Heildarfjöldi framhaldsskólæininga í íslensku á stúdentsbrautum skulu vera að lágmarki 20 fein. og skal þar af vera að lágmarki 10 fein. á þriðja hæfniprepi. Námsbrautir skulu einnig vera skipulagðar þannig að nemendur nái hæfni í stærðfræði og ensku á öðru hæfniprepi samkvæmt lýsingum í viðauka 3. Lágmarksfjöldi eininga á öðru hæfniprepi eru 5 fein. í annaðhvort stærðfræði eða ensku. Ef valið er að taka lágmarksfjölda eininga á öðru hæfniprepi í stærðfræði þarf nemandi að taka fleiri einingar í ensku og öfugt. Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál, mega velja stærðfræði eða ensku upp á þriðja hæfniprep í stað íslensku. Þeir taka þá lágmark 5 fein. á öðru þrepi í íslensku.

### Aðrar kröfur til stúdentsprófs

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs skulu gera lágmarkskröfu um norrænt tungumál að hæfniprepi þrjú og lágmarkskröfu um þriðja tungumál að hæfniprepi tvö (sjá viðauka 3). Sömu kröfur gilda um norrænt tungumál á öðrum brautum til stúdentsprófs en á þeim brautum skal að auki valið um kröfur að hæfniprepi tvö, í þriðja tungumáli, samfélagsgreinum eða raungreinum.

Yfirlit yfir lágmarks hæfniviðmið úr framhaldsskóla gagnvart einstökum námsbrautum

	Íslenska	Enska	Stærðfræði	Annað
<b>Deild A</b>				
<i>Braut 1</i>				
<i>Braut 2</i>				
<b>Deild B</b>				
<i>Braut 1</i>				
<i>Braut 2</i>				
<b>Deild C</b>				
<i>Braut 1</i>				
<i>Braut 2</i>				
<b>Deild D ..</b>				
<i>Braut 1</i>				
<i>Braut 2</i>				